

Alþingi
Erindi nr. P 139/2393
komudagur 12. 5. 2011

Skrifstofa alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni : Umsögn með þingmáli

Umsögn með Þskj. 718 – 439 mál. Frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðavegar, nr. 60.

Markmið.

Markmiðið er göfugt, þ.e. að með frumvarpi þessu er stuðlað að bættum samgöngum og umferðaröryggi með uppbyggingu Vestfjarðavegar nr. 60

Veglagning.

Með því að leggja umræddan veg samkvæmt svokallaðri B-leið verða hagsmunir okkar best tryggðir. Minnt er á að ríflega 35% fólksfækkun hefur verið sl. 20 ár á sunnanverðum Vestfjörðum og byggðin er mjög veik. Ástæðan er augljóslega meðal annars sú að samgöngur hafa verið í miklum ólestri um langt árabíl. Hægt hefur miðað við hvers konar úrbætur. Og án þess að fjölyrt sé um ástæður þá vitum við sem hér búum að þar hefur hvoru tvegja ráðið, of lítið fé til vegamála á sunnanverðum Vestfjörðum og einnig alls konar tafir og hrein andstaða við vegagerð á svæðinu.

Það er mat okkar að af framkvæmdinni verði ekki, nema um hana verði sett sérstök löggjöf, sem yti til hliðar óverulegum einkahagsmunum, sem hafa stöðvað framkvæmdir til þessa, en tryggi hinsvegar hagsmuni heils landshluta. Við teljum það algjörlega óviðunandi að vegur verði lagður um Hjallaháls og Ódrjúgsháls. Sú vegagerð myndi ekki tryggja viðunandi heilsárssamgöngur og yrði til þess fallin að viðhalda dýrum landflutningum. Þannig yrði samkeppnisstaða landflutninga gerð óviðunandi og samgöngur almennt landveginn stæðu áfram langt að baki því sem aðrar byggðir landsins búa almennt við.

Byggð á Vestfjörðum þolir ekki frekari seinkun á samgöngubótum. Á síðasta þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var það samþykkt að Vestfjarðavegur nr. 60 væri algjört forgangsmál í vegasamgöngum fjórðungsins. Góðar samgöngur eru forsenda uppbyggingar og blómlegrar byggðar, en vondar samgöngur eru einkenni hnignunar og munu á endanum leggja svæðið í eyði.

Mat á umhverfisáhrifum.

Í gildi er úrskurður umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007 sem ætti að vera grundvöllur að vali á vegstæði á þessari leið.

Gildissvið.

Mjög mikilvægt er að málið verði samþykkt sem fyrst. Fyrir liggja yfirlýsingar samgönguyfirvalda, jafnt þeirra sem nú sitja og þeirra fyrri, að vegagerð á Vestfjarðavegi 60 eigi að hafa forgang. Þessum yfirlýsingum tókum við fagnandi. En orðum þarf að breyta í athafnir og tryggja að farið verði tafarlaust í vegagerð á leiðinni Þorskafjörður að Skálanesi með láglandisvegi. Það er ástæða til þess að vara við öllum hugmyndum sem fela í sér tafir á vegagerð á þessu svæði. Möguleikar á vegagerð á þessari leið hafa verið marg kannaðir og lagðir miklir fjármunir til þess undirbúnings. Enn ein athuginin eða skýrslugerðin er þess vegna ástæðalaus. Nær er það að tekin verði ákvörðun og staðið við hin stóru orð um að vegagerð á þessu svæði hafi forgang.

Greinargerð.

Óheyrligur kostnaður við að fara leiðina í dag frá Bjarkalundi til Patreksfjarðar er staðreynd.

Flutningafyrirtækið Nanna ehf. hér á Patreksfirði, sem ég rek hefur sem þjónustað suðursvæði Vestfjarða, þ.e. Bíldudal, Tálknafjörð, Patreksfjörð og sveitirnar hér, mörg undanfarin ár. Vegna þeirra aðstæðna sem við búum við í vegamálum hefur það komið mjög alvarlega til skoðunar að hætta rekstri vegna þessa. Fyrirtækið er með stærri atvinnurekendum á svæðinu en starfsmenn telja tíu manns í dag. Fyrirtækið hefur ekki lengur bolmagn til að greiða fyrir viðgerðir á bílafloða sínum, en flutningabifreiðar fyrirtækisins þurfa að öllu jöfnu að aka ónýta vegaslóða hér á suðursvæðinu. Ekið er m.a. um fjallvegi sem eru í vægast sagt í mjög slæmu ástandi og á veturnum stórhættulegir. Olíukostnaður er liðlega 30% meiri en annarsstaðar gerist. Slit á flutningabifreiðunum og viðhald er miklu mun meira en hjá fyrirtækjum í sambærilegum rekstri annars staðar á landinu.


Í því sambandi skal það hér með upplýst að kostnaður fyrirtækisins árið 2010 vegna reksturs, viðhalds og viðgerða tæpar 50 milljónir króna, sem er gríðarlega þungur baggi fyrir ekki stærri rekstur það er alveg ljóst að þessir kostnaðarliðir eru margfalt hærri en gerist og gengur í sambærilegum rekstri.

Flutningsmunstrið er einnig mjög óhagstætt. Almennt eru farnar þrjár ferðir á dag með þökkalega nýtingu á suðvestur hornið en oftar en ekki einungis ein bifreið fulllestuð til baka.

Til að koma að einhverju leiti til móts við þennan óheyrliga kostnað og þann ójöfnuð sem viðgengist hefur allt of lengi í landinu leyfi ég mér að hvetja Samgöngunefnd Alþingis til þess að vinna að því að jafna þessi útgjöld með því að séð verði til þess að ferðir flutningabifreiða Nönnu ehf. á Patreksfirði með Breiðafjarðarferjunni Baldri, fram og til baka, verði endurgjaldslausir á meðan vegirnir eru eins og þeir eru. Það er réttlætismál og mikilsanngirni í því fyrir íbúa svæðisins. Um alvarlegt byggðamál er því að ræða.

Patreksfirði 6. maí 2011

Virðingarfyllst,



Helgi Rúnar Auðunsson
Urðargötu 19
450 Patreksfjörður